

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/39/EB

frá 5. júní 1998

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/321/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/321/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Líta ber svo á að hreyfibilun geti orsakað bilun í sérstökum hjálparbúnaði sem aftur gæti leitt til þess að stýrisbúnaður læsist.

Því ber að gera breytingar á tilskipun 75/321/EBE í samræmi við það.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun ráðsins 74/150/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar í lið 2.2.4.1.2 í viðaukanum við tilskipun 75/321/EBE:

„Ef dráttarvélin er með sjálfstýrisbúnaði eins og hann er skilgreindur í 1.2.1.3 og sé hann með hreinni vökvastýrisvél, verður að vera hægt að framkvæma stefnubreytingarnar tvær sem tilgreindar eru í 2.2.1.3 með sérstökum viðbótarbúnaði bili sérstaki búnaðurinn eða hreyfillinn.“

2. gr.

- Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjum óheimilt:
 - að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða
 - að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,
- Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:
 - ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
 - synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

- Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
- Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.
- Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 147, 9. 6. 1975, bls. 24.

(²) Stjtið. EB L 277, 10. 10. 1997, bls. 24.

(³) Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.
